

Hafnarfirði, 4. október 2021

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar

Umsögn vegna athugasemda við breytingu á aðalskipulagi við Reykjanesbraut.

Samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 17.3.2021 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar ásamt umhverfisskýrslu. Tillagan var auglýst 9.7-23.8.2021. Frummatsskýrsla, þar sem lagt er mat á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, var auglýst samhliða. Á fundi skipulags- og byggingarráðs 7. september var erindið tekið fyrir og var afgreiðsla þess að fela skipulagsfulltrúa að taka saman umsögn vegna framkominna athugasemda.

Athugasemdir bárust.

1. Í athugasemdum Náttúrufræðistofnunar segir:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur auglýst tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2015. Breytingin felst í tvöföldun Reykjanesbrautar í núverandi vegstæði ásamt fleiri framkvæmdaliðum því tengt.

Náttúrufræðistofnun Íslands veitti umsögn um frummatsskýrslu Vegagerðarinnar um tvöföldun Reykjanesbrautar og tengdar framkvæmdir og var umsögnin send til Skipulagsstofnunar þann 6. ágúst 2021. Í þeirri umsögn koma fram ýmsar ábendingar sem einnig eiga við um framangreinda breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Náttúrufræðistofnun vísar í þá umsögn varðandi umfjöllun um ýmis umhverfisáhrif sem eru væntanleg vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar og tengdra framkvæmda en vill hér vekja athygli á eftirfarandi atriðum sem komu fram í umsögninni um frummatsskýrsluna og snerta sérstaklega aðalskipulagsbreytinguna og forsendur að baki henni:

Um framkvæmdina almennt: *"Ljóst er að framkvæmd af þessari stærðargráðu fylgir umtalsvert rask. Eins og kemur fram í frummatsskýrslunni hefur raskið áhrif á ýmsar náttúruminjar með umtalsvert verndargildi. Þar er um að ræða jarðminjar, landslag, búsvæði fugla, vistgerðir og vaxtarstaði friðlýstra plöntutegunda og/eða válistategunda sem og annarra sjaldgæfra plantna. Þá mun framkvæmdin þrengja að og valda nokkru raski á afar sérstæðu náttúruverndarsvæði sem er fjörusvæðið og tjarnirnar í Straumsvík og er m.a. á gildandi náttúruminjasrá. Mikilvægt er því að horft sé til einstakra framkvæmdaliða með tilliti til áhrifamatsins og lagt mat á hvort nægjanlegur rökstuðningur sé fyrir nauðsyn, framkvæmd og útfærslu þeirra með sértæk, staðbundin umhverfisáhrif þeirra til hliðsjónar."*

Um meginframkvæmdaþáttinn, tvöföldun Reykjanesbrautar segir í umsögninni: *"Ekki er efast um tilgang framkvæmdarinnar við tvöföldun Reykjanesbrautar þar sem umferðaröryggi mun aukast til*

muna á vegi þar sem alvarleg slys hafa verið nokkuð algeng. Að því sögðu þarf að huga vel að útfærslum og mögulegum mótvægisáðgerðum á viðkvæmustu stöðum til að draga úr neikvæðum áhrifum á náttúrufar."

Almennt telur Náttúrufræðistofnun jákvætt að horfið sé frá fyrri hugmyndum um legu Reykjanesbrautar og stefnt sé að tvöföldun í núverandi vegstæði. Mikilvægt er þó að taka tillit til væntanlegra neikvæðra umhverfisáhrifa og skoða mótvægisáðgerðir eins og hægt er. Bent er á frekari umfjöllun um þetta í umsögn NÍ um frummatsskýrsluna.

Um tjarnirnar í Straumsvík segir í umsögninni um frummatsskýrsluna: "*Viðkvæmasta náttúrusvæðið sem getur orðið fyrir áhrifum af tvöfölduninni er Straumsvík og hinar einstöku ísöltu tjarnir sem þar finnast. Hugsanlegt er að áhrif verði á grunnvatnsstreymi norðan megin við veginn þannig að seltustig þeirra aukist. Sunnan Reykjanesbrautar gæti breikkunin orðið til þess að dragi úr áhrifum sjávarfalla í ferskvatnstjörnunum þar en slíkar aðstæður þykja einstæðar jafnvel á heimsvísu. Allar breytingar á eðli tjarnanna getur haft áhrif á lífríki þeirra."*

Náttúrufræðistofnun ítrekar verndargildi tjarnanna í Straumsvík og telur að stíga mætti frekari skref við verndun þeirra. Minnst er á eldri áform um friðlýsingu í greinargerð með aðalskipulagsbreytingunni en ekki hefur komið til þess ennþá en svæðið er á náttúruminjaskrá að stærstum hluta.

Um mislæg gatnamót við Rauðamel segir í umsögninni: "*Við Rauðamel eru áætluð mislæg gatnamót með hringtorgum bæði norðan og sunnan vegin við Reykjanesbrautina. Þessi gatnamót eru áætluð á lítt röskuðu svæði sem tilheyrir Hrútagjárdyngjuhrauni sem nýtur sérstakrar verndar og er metið með hátt verndargildi (Kristján Jónasson o.fl. 2018). Á framkvæmdasvæðinu er lítt snortin helluhraunbreiða, með áberandi rishólum sem víða eru í sprungur. Hólarnir og sprungurnar setja mikinn svip á landslagið. Þá er hraunið mjög gróðursælt, þar er náttúrulegt kjarr og sérstaklega er mikið af gróðri í sprungunum. Ferlaufungur sem er friðlýst plöntutegund fannst á einum stað innan framkvæmdasvæðis sunnan við Reykjanesbraut. Ekki er hægt að útiloka að hann finnist víðar. Þá er töluvert um sjaldgæfar plöntutegundir einkum burknategundir í hraunsprungum á svæðinu. Þessir vaxtarstaðir munu raskast að stórum hluta við gerð mislægu gatnamótana, einkum hringtorgana*

Eins og komið hefur fram í fyrri umsögnum Náttúrufræðistofnunar telur stofnunin að tilgangur og þörf þessara mislægu gatnamóta hafi ekki verið rökstudd á fullnægjandi hátt. Sagt er að tilgangur þeirra sé framtíðartenging við Straum og við framtíðaruppbyggingarsvæði á Óttarsstaða- og Lónakotslandi. Engin áform um framtíðaruppbyggingu hafa verið samþykkt í aðalskipulagi Hafnarfjarðar og í raun ekkert skipulag í gildi á þessu svæði. Engar opinberar tillögur liggja fyrir um þessi framtíðaráform og ekkert mat hefur verið lagt á umhverfisáhrif þeirra. Ekki liggur heldur fyrir tillaga að framtíðarvegtengingu fyrir Straum. Ljóst er að möguleg uppbygging og vegagerð á þessu svæði norðan Reykjanesbrautar mun fela í sér mikið óafturkræft rask á Hrútagjárdyngjuhrauni og á svæðum á gildandi náttúruminjaskrá. Formleg ferli ákvarðana er varða skipulag og umhverfismat þessara áforma eiga eftir að eiga sér stað og ekkert víst að af því verði. Því eru engar staðfestar forsendur fyrir því að þörf sé á mislægum gatnamótun við Rauðamel að svo stöddu. Í ljósi þeirra allmörgu neikvæðu umhverfisáhrifa sem framkvæmd gatnamótanna felur í sér er það mat stofnunarinnar að ekki sé hægt að réttlæta framkvæmd þeirra á þessu stigi meðan algjör óvissa er um framtíðarhlutverk þeirra. Réttast væri því að fella út þennan framkvæmdalið eða a.m.k. fresta þar til sýnt hefur verið fram á nauðsynlega þörf fyrir þau. Þannig mætti minnka töluvert það svæði með ósnortnu hrauni sem myndi raskast í heildarframkvæmdinni sem og hlífa fundarstöðum fágætra plantna m.a. ferlaufungs sem er á valista."

Í auglýstri aðalskipulagsbreytingu segir að gatnamótin séu til "að bregðast við framtíðar uppbyggingu á Óttarsstaða- og Lónakotslandi. Þarna hafa einnig verið hugmyndir um uppbyggingu á framtíðar hafnarsvæði". Í aðalskipulagsbreytingunni eru ekki teknar ákvarðanir varðandi þessa framtíðaruppbyggingu og óvíst hver hún verði. Einungis er minnst á möguleg framtíðaráform. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ótímabært að fara út í framkvæmd á þessum gatnamótum miðað við raskið sem af því hlýst meðan áformin um uppbyggingu á svæðinu eru ekki komin lengra á veg. Þá er ekki gert ráð fyrir tengivegi við Straum frá þessum gatnamótun í aðalskipulagsbreytingunni en fjallað er um það hlutverk gatnamótanna í frummatsskýrslunni þó engin útfærsla á þeim tengivegi liggir fyrir.

Um tengiveg suður til Álhellu segir í umsögn NÍ um frummatsskýrsluna: "*Við gatnamótin sem liggja að álverinu í Straumsvík er áætluð breyting á núverandi mismögulegum gatnamótum og tengivegi sem liggur suður til Álhellu. Tengivegurinn er 0.6 km langur og 8 m breiður. Tengivegurinn mun valda raski á lítt snortnu hrauni sem tilheyrir Hrótagjárdyngjuhrauni m.a. einum áberandi rishrygg með áslægri sprungu. Einhver búsvæði mófugla munu raskast og töluvert af gróðri m.a. vaxtarstaðir fágætra plöntutegunda svo sem burknategunda. Einnig er ekki hægt að útiloka áhrif á Gerðistjörn og lífríki hennar.*"

Náttúrufræðistofnun telur að sýna hefði mátt fram á fleiri valkosti fyrir tengiveg í Helluhraunshverfið. Til að mynda hefði tengivegur um 200 metrum austar, þar sem vegslóði er í dag á röskuðu svæði vestast í Kapelluhrauni, valdið nær engu raski og ekki þurft að vera eins langur. Það vekur nokkra furðu að sá valkostur eða svipaður hafi ekki verið til skoðunar í umhverfismatinu. Ekki hafa verið gefnar skýringar á því hvers vegna svo er, einungis sagt að það sé ekki unnt að hliðra tengiveginum."

Ekki er sérstaklega fjallað um þennan tengiveg í aðalskipulagsbreytingunni.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum t.d. á deiliskipulagsstigi og vísar aftur í umsögn um frummatsskýrslu þar sem nánar er vikið að fleiri atriðum er varða framkvæmdina.

Svar við athugasemd frá Náttúrufræðistofnun.

Það er alveg ljóst að við framkvæmd þessa verður umtalsvert rask á jarðminjar, landslag, búsvæði fugla, vistgerðir og vaxarstaði friðlýstra plöntutegunda og annarra sjaldgæfra plantna. Þá mun framkvæmdin þrengja nokkuð að náttúruverndarsvæði sem eru tjarnirnar í Straumsvík og þá sérstaklega ef þessar 2 auglýstu leiðir í Straumstjörnum 1a og 1b verða að veruleika.

Til þess að bregðast við athugasemdum hefur Hafnarfjarðarbær í samráði við Vegagerðina ákveðið að þessar 2 valkostir sem stillt var upp í tillögu að auglýstri breytingu á aðalskipulagi, um aðkomu að Straumi, um Straumstjarnir verði teknar út. Þess leið 1 a og 1b. Ástæðan er eins hefur komið fram, tjarnirnar eru á náttúruminjaskrá og hafa mikið verndargildi. Ný undirgöng fyrir gangandi og hjólandi verða sett við Straum ásamt stuttri frárein að vegtengingu við Straum, hægri inn og hægri út. Snúningur verður um fyrirhuguð Rauðamelsgatnamót.

Hvað varðar mismöguleg gatnamót við Rauðamel að þá erum við fullmeðvituð um að þau verða staðsett á lítt röskuðu svæði, hins vegar þarf að hafa í huga að tilgangur þessara framkvæmda er fyrst og síðast að auka umferðaröryggi á þessari fjölförnu leið þar sem slys hafa verið nokkuð algeng.

Til þess að rökstyðja nánar tilgang og þörf þessara gatnamóta þá skal nefna að hafin er heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og eitt af markmiðum endurskoðunar aðalskipulagsins er að auka framboð á landsvæði til atvinnuuppbyggingar.

Gengið hefur verulega á núverandi atvinnusvæði Hafnarfjarðar og er það því stefna sveitarfélagsins að taka til skipulags landsvæði norðan og sunnan við Reykjanesbraut vestan við Straum .

Gert er ráð fyrir að umrætt landsvæði verði nýtt fyrir iðnað og atvinnustarfsemi. Brýnt er því að gera ráð fyrir mislægum gatnamótum norðan Rauðamels, sem geta tekið við þeirri umferð sem slík starfsemi kallar á.

Umferðarspár gera jafnframt ráð fyrir mikilli aukningu umferðar um Reykjanesbraut og því er ljóst að nauðsynlegt er að gera ráð fyrir umferðartengingum inná fyrirhuguð athafnasvæði sem eru í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til slíkra mannvirkja.

Víða meðfram brautinni eru fjölbreyttur kjarr- og lynggróður í dældum og sprungum í hrauninu og blóm- og burknagróður er í hraungjótum. Blátoppa er á válista og er vaxtarstaður ferlaufungs, sem er friðlýst tegund er innan framkvæmdasvæðisins. Vegamótin hafa því verið færð til vesturs um 60 metra til að fá fram betri hæðarlegu í landi en við það er hugsanlegt að vaxtarstaðurinn lendi utan vegstæðis og verði fyrir minna raski. Einnig er talið að litlar líkur séu á því að framkvæmdin hafi áhrif á vaxtarstað ferlaufungs.

Hvað varðar tengiveg suður Álhelli er hann ekki inn í þessari breytingu og utan marka hennar.

Hann hefur hins vegar verið þarna inná gildandi aðalskipulagi frá 1995-2015. Vegtenging er reyndar sýnd frá skipulaginu 1980-2000. Þarna erum við í klemmu vegna eignarlanda beggja vegna vegstæðis.

Vegfláar verða græddir upp með þeirri gróðurþekju sem fyrir er.



2. í athugasemdum frá Minjastofnun Íslands segir:

Efni: Tvöföldun Reykjanesbrautar – Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar frá 13. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu vegna tvöföldunar á Reykjanesbraut, frá Krýsuvíkurvegi að mörkum sveitarfélagsins Voga. Fylgigögn voru skipulagsuppdráttur ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu dagsett 1. júní 2021 auk frummatsskýrslu og viðaukum við hana. Með skipulagsbreytingunum nú er fallið frá fyrri áformum um breytta legu Reykjanesbrautar og þess í stað haldin veglína Reykjanesbrautar í óbreyttri legu frá því sem nú er.

Skipulagslýsingin hefur áður komið til umsagnar stofnunarinnar og var svarað með bréfi 27. ágúst 2020. Þar var farið fram á að fornleifar á áhrifasvæði framkvæmdanna yrðu skráðar og að eldri skrár fyrir svæðið yrðu uppfærðar í samræmi við núgildandi staðla. Gögn þessi liggja nú fyrir og var svæðið skráð bæði af Byggðasafni Hafnarfjarðar og Fornleifastofnun Íslands á árinu 2020. Alls voru skráðar 70 fornleifar sem með einum eða öðrum hætti verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna.

Gott samráð hefur verið haft við Minjastofnun Íslands vegna áhrifa framkvæmdanna á fornleifar og til hvaða mótvægisáðgerða nauðsynlegt sé að ráðast í. Vegagerðin óskaði eftir afstöðu Minjastofnunar til fyrirsjáanlegs rasks á fornleifum vegna framkvæmdanna með bréfi dagsett 6. nóvember 2020. Var því erindi svarað með bréfi dagsett 9. desember 2020 (hér sem fylgiskjal) þar sem ítarlega var farið yfir sjónarmið stofnunarinnar og kröfur um mótvægisáðgerðir varðandi minjar á svæðinu. Stofnunin gaf svo umsögn sína um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna með bréfi dagsett 19. júlí 2021 (hér sem fylgiskjal). Þar segir m.a.:

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hjá slíkum rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Þór Hjaltalín
Minjavörður Re
thor@minjastofnu



HAFNARFJÖRÐUR

Eftir að Minjastofnun setti fram kröfur um mótvægisáðgerðir vegna breikkunar Reykjanesbrautarinnar var Fornleifastofnun Íslands ses fengin til að gera þær rannsóknir á fornleifum á svæðinu sem Minjastofnun taldi nauðsynlegar. Öllum vettvangs-rannsóknum er þegar lokið og unnið er að úrvinnslu og skýrslugerð. Þá hefur fyrsti fundur til undirbúnings hönnunar svæðisins í kringum kapelluna verið haldinn. Auk starfsmanna Minjastofnunar og Vegagerðarinnar sat fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar fundinn.

Eins og kemur fram í greinargerð og umhverfisskýrslu á bls. 22-23, þá geta áhrif á minjar verið óbein og hægt að komast hjá beinu raski með merkingum og upplýsingagjöf. Mikilvægt er að við frekari hönnun og framkvæmdir á svæðinu verði gott samráð við Minjastofnun um áðgerðir til að lágmarka áhrif framkvæmdanna á minjar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Þór Ingólfsson Hjaltalín
Minjavörður Reykjanes

Svar við athugasemd Minjastofnunar:

Þær kröfur verða gerðar við útgáfu framkvæmdaleyfa að allar minjar skulu merktar með flaggalínum á framkvæmdasvæðinu til að koma í veg fyrir allt óþarfa rask. Við gerð deiliskipulags og nánari hönnun mannvirkisins verður haft samráð við Minjastofnun eins og hingað til og gerðar verða kröfur um skýrar merkingar og upplýsingagjöf til verktaka áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út.



HAFNARFJÖRÐUR

3. í athugasemdum frá Umhverfisstofnun segir:



Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarbær
Innk: 26. ágúst 2021
Málsnr: 2001526
Bréfal: 511

Reykjavík, 24. ágúst 2021
UST202107-130/B.S.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Hafnarfjarðar - Reykjanesbraut – tvöföldun. Umsögn

Vísað er til bréfs Hafnarfjarðarbæjar dags. 13. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar þar sem um er að ræða tvöföldun Reykjanesbrautar í núverandi vegstæði frá vegamótum Krýsuvíkurvegar að enda fjögurra akreina kafla brautarinnar á Hrauni vestan Straumsvíkur.

Landslag á skipulagssvæðinu einkennist af hraunum og við Straum er að finna ísaltar tjarnir sem taldar eru hafa mikið verndargildi. Hvað hraun varðar er Kapelluhraun í vegstæðinu algerlega raskað en Hrutárdyngjuhrauni hefur verið raskað við lagningu Reykjanesbrautar og annarrar mannvirkjagerðar sunnar í hrauninu.

Breikkun Reykjanesbrautar mun fylgja aukið rask í Hrutárdyngjuhrauni en horfa ber til þess að þessu svæði hefur áður verið raskað við lagningu Reykjanesbrautar og annarra framkvæmda. Eins og nýjar vegtengingar bera með sér er ætlunin að breyta landnotkun norðan Reykjanesbrautar og sama gildir um svæði í Almenninum þar sem gert er ráð fyrir frekara raski í hrauninu við mannvirkjagerð í nánustu framtíð. Því telur Umhverfisstofnun að illt mögulegt sé að forðast algerlega rask á hrauni á þessum svæðum eða þannig að stór heildstæð svæði verði látin vera óröskuð. Stofnunin vill hinsvegar benda á að unnt á að vera að nýta hraunið undir mannvirkjagerð án þess að gjöreyðileggja hraunið eins gerðist syðst í Kapelluhrauni. Við skipulag þessa svæðis telur Umhverfisstofnun að leggja eigi áherslu á að vernda einstök fyrirbæri eins og t.d. fallegar hraunmyndanir og aðrar jarðmyndanir sem geta gefið svæðinu aukna fjölbreytni og upplýsingar um þær jarðmyndanir sem voru á svæðinu áður en landnotkun breyttist. Leggja þarf sérstaka áherslu á að vernda ísaltar tjarnir við Straumsvík og reyna að halda tjörnunum eins lítt röskuðum eins og mögulegt er.

Varðandi lagningu Reykjanesbraut ætti að fara fram á það við framkvæmdaáðila að vandað verði til verka þegar skeringar eru teknar í hraunið. Forðast verði að gera einhalla



HAFNARFJÖRÐUR



UMHVERFIS STOFNUN

fláa og slétta eins og sjá má í Afstapahrauni sunnan við Kúagerði þar sem í stað hraunkants er nú stór og slétt vegskering. Leitast ætti við að móta skeringar þannig að þær líkist sem mest óröskuðu hrauni og að stefnt verði að því að endurheimta staðargróður á röskuðum svæðum.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Agnes Þorkelssdóttir
Agnes Þorkelssdóttir
Sérfræðingur



HAFNARFJÖRÐUR

Svar við athugasemd frá Umhverfisstofnun.

Eins og fram kemur í svari hér fyrir ofan hefur verið fallið frá því að gera tengingar að Straumi við tjarnirnar. Ný undirgöng verða sett í staðinn.

Það er rétt að framkvæmdin hefur bein áhrif á jarðmyndanir og þá aðallega hraun en þau njóta sérstakrar verndar en þar sem þessi breikkun er bundin í báða enda af núverandi Reykjanesbraut er svigrúm til að sveigja brautina af núverandi leið mjög lítið.

Almennt verða framkvæmda- og öryggissvæði skilgreind 10 breið frá skeringum og fyllingum á nýjum vegi til að áhrif framkvæmdanna á hraun og jarðmyndana verði í lágmarki. Hugað verður sérstaklega að rofvrörnum með t.d. grjóthleðslu. Við frágang skal raskað svæði aðlagð og mótað að landslagi og umhverfi og í útboðsgögnum verður greint frá nánari upplýsingum um hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga og skeringa.

Í kafla 4.8.1. í frummatskýrslunni er fjallað um endurheimt staðargróðurs þar sem unnið verður að endurheimt með að nýta gróðursvörð úr vegstæði í öðrum framkvæmdum. T.d. má nefna dreifingu svarðlags eða tilflutning á gróðurtorfum, efninu er dreift á yfirborð uppgræðslusvæðis annað hvort strax eða það haugsett fyrst í stað.

Á minna grónu hrauni er hægt að safna mosa af nærliggjandi svæðum og dreifa yfir röskuð svæði.

Í deiliskipulagsgerð, útboðsgögnum og við nánari hönnun vegarins verður farið nánar í útfærslu á einstaka svæðum og munu verða gerðar kröfur um að hraun sem þarf að víkja fyrir mannvirkinu verði notað í umhverfisfrágang og einnig að jarð- og hraunmyndanir fáið haldið sér þar sem unnt er að koma því við.



4. í athugasemdum frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kemur eftirfarandi fram:

HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Hafnarfjarðar- og
Kópavogssvæðis

Garðaborg 5 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • www.heilbrigðiseftirlit.is • hkk@heilbrigðiseftirlit.is

Hafnarfjarðarbær
Umhverfis og skipulagssvið
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður

Garðabær, 9. ágúst 2021
PS, HP K-171084

Breikkun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis barst erindi, fyrirspurn frá Skipulagstofnun þann 6. júlí 2021. Óskaði stofnunin eftir umsögn heilbrigðisnefndar um frummatsskýrslu Vegagerðarinnar fyrir ofangreinda framkvæmd. Með erindinu fylgdi frummatsskýrsla gerð af verkfræðistofunni Mannviti dags. júní 2021 fyrir Vegagerðina og Hafnarfjarðarbæ.

Heilbrigðiseftirlitið veitti í dag jákvæða umsögn um áformaða framkvæmd. Umsögnin verður lögð fyrir heilbrigðisnefnd til staðfestingar á næsta áformaða fundi nefndarinnar síðar í mánuðinum.

Með bréfi þessu til Hafnarfjarðarbæjar, umhverfis og skipulagssviðs, vill undirritaður vekja athygli á að hann telur að við Brunntjörnina sé huganlega að finna merkar minjar sem ekki er að finna á lista um minjar á bls. 83 og 84 í umræddri frummatsskýrslu. Minjar þessar eru töluvert utan áhrifasvæðis áformaðra framkvæmda sem er líkleg ástæða þess að ekki er minnst á þær í frummatsskýrslunni. Tekið skal fram að framkvæmdir við áformaða vegagerð raskar ekki eða ógnar þessum minjum á neinn hátt. Með þessu bréfi er verið að hvetja til þess að kannað verði hvort um sé að ræða raunverulegar minjar og ef svo reynist að bærinn sjái til þess að þær verði varðveittar með þeim hætti að þeim verði sómi sýndar, þær gerðar aðgengilegar og frá þeim gengið með þeim hætti að talist geti varðveisla.

Skýring; Tjarnir inn af Straumsvík.

Það kemur fram í frummatsskýrslunni (bls. 5) að;

„Þrjár tjarnanna, Gerðistjörn, Brunntjörn og Brunnstjörn eru ferskvatnstjarnir en Straumstjarnirnar eru inni í Straumsvíkurfjöru og fellur sjór þangað inn á flóði“.

Snemma á tíunda áratugi síðustu aldar réðst undirritaður til heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar. Skömmu eftir að ég réðst til starfa var auglýst almenn útivistarganga um tjarnarsvæðin sunnan og vestan Straumsvíkur sem ég tók þátt í. Í hópnum sem fór þá ferð voru í bland við aðra, eldri Hafnfirðingar sem kváðust þekja vel til staðháttanna.

Er mér minnstætt þegar þeir bentu á hleðslur sem stóðu út í Brunntjörninni suðvestanverðri. Tekið skal fram að ég man ekki hvaða nafn þeir gáfu tjörninni en nafnið Brunntjörn með ákveðnum greini er fengið úr frummatsskýrslunni. Sögðu þeir þetta leifar af brunni sem hafði staðið úti í tjörninni en áður fyrr var að sögn hægt að ganga að honum þurrum fótum. Brunnurinn hafi verið nokkuð djúpur, vel hlaðinn og hafi ávallt staðið upp úr vatninu, jafnvel á stærstu flóðum. Í botni hans var innstreymi vatns. Tilgangurinn með þessum brunni hafi verið að þar mátti ávallt nálgast hreint ferskt vatn. Ef vatn var tekið beint úr tjörnnum var það ekki af sömu gæðum.





HAFNARFJÖRÐUR


Þegar við vorum þarna um árið var brunnurinn þegar hálfvallinn og sandur hafði sest í botn hans. Var mikið rætt um þessar menningarmínjar og um nauðsyn þess að hlaða brunninn á ný og vernda söguna. Voru það ekki sóist þeir sem eldri töldust í hópi göngufólks sem mest höfðu sig frammi um mikilvægi þess að endurheimta brunninn með því að hlaða hann á ný og dýpka. Yrði það ekki gert myndi hann og sagan glatast.

Þegar ég hafði lokið lestri á frummatsskýrslunni fór ég þegar að Brunntjörninni og að þeim stað sem mér hafði verið vísað á. Ummerki um brunninn eru enn, en hafa látið enn meira á sjá (sjá myndir). Nafngiftin sjálf, Brunntjörmin, skítur stoðum undir það að vatn skyldi ekki sækja í beint í tjörnina heldur í brunninn. Hvort ástæðan hafi verið að gætt hafi sjóblöndunar í vatninu eða vatn úr tjörninni hafi ekki verið metið nægjanlega hreint skal ekki lagt mat á.

Til frekari skýringa lét ég fylgja með fáeinar myndir voru teknar nú í sumar. Annars vegar á fjöru þegar „brunn-mínjarnar“ stóðu upp úr vatninu og hins vegar þegar vatn stóð hærra í tjörninni. Mínjarnar hafa mikið látið á sjá á þessum tæpum þremur áratugum frá því ég bar þær fyrst augu en eru enn að mínu áliti vel sýnilegar. Ef það ætti að varðveita þær fyrir komandi kynslóðir þarf að fara í nauðsynlegar björgunaraðgerðir.

Myndir teknar á fjöru:

(ath, ekki er verið að vísa á málmlokið, heldur ljósa svæðið fyrir ofan.)



Svar við athugasemd Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis:

Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna sjálfa. En varðandi athugasemd Páls Stefánssonar var óskað eftir umsögn Byggðasafns Hafnarfjarðar og barst svar frá Heiðrúnu Evu Konráðsdóttur fornleifafræðing í tölvupósti dags. 23. september sl.

Vegna athugasemdar Páls Stefánssonar deildarstjóra Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis varðandi brunninn í Brunntjörninni í landi Straums.



Við þökkum kærlega fyrir ábendinguna. Byggðasafn Hafnarfjarðar er sem stendur að vinna að endurskráningu allra fornleifa í landi Hafnarfjarðar. Árið 2020 var sú ákvörðun tekin að Byggðasafn Hafnarfjarðar myndi hefja vinnu við að endurskrá allt sveitarfélagið vegna aðalskipulags en margar af þeim fornleifaskráningum sem fyrir lágu voru orðnar úreltar og þurfti að uppfæra þær að stöðlum Minjastofnunar Íslands. Reiknað er með að þessi vinna klárast á næsta ári, 2022.

Með bestu kveðju,

Skv. framansögðu er mælt með að breytingar verði gerðar á uppdrætti og greinagerð í samræmi við þær athugasemdir sem fram hafa komið og við þau svör sem hafa verið gerð, og að erindinu verði lokið í samræmi við skipulagslög þegar uppfærð gögn berast.

Berglind Guðmundsdóttir